



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

642. stjórnarfundur mánudaginn 25. ágúst 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Stefán Guðjónsson, Garðar Már Newman.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá barna- og unglingaráði knattspyrnunnar, vegna skort á æfinga aðstöðu.

Tölvupóstur frá barna- og unglingaráði vegna láns til skamms tíma.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur FASTUS vegna kaupa á þvottavél og þurrkara.

Tölvupóstur sendur vegna kaupa á teppi í fimleikasal í Keilis.

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna tilboðs á þvottavél og þurrkara.

Tölvupóstur sendur á Securitas vegna tilboðs í myndavélar utan á Nettóhöllina.

Blaðagrein send á VF vegna umræðu um æfingagjöld fimleikadeildar Keflavíkur.

4. Fundur með stjórn ÍT ráðs

Framkvæmdastjóri fór á fund ÍT ráðs í morgun og fór yfir aðstöðumál og rekstur félagsins.

5. Stjórn Taekwondodeildar

Framkvæmdastjóri Keflavíkur tilkynnti stjórn Taekwondodeildar að aðalstjórn ætlar að lána þeim það sem upp á vantar svo þau geti keypt keppniskerfið sem þau hafa verið að óska eftir og sár vantar. Þau hafa verið að óska eftir þessu undanfarin 7 ár. Stjórnin er himin lifandi og sendir miklar þakkir til aðalstjórnar.

6. Reykjaneshöllin

Aðalstjórn fór yfir samninginn sem er á milli Keflavíkur og Reykjanesbæjar.

7. Uppbygging íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri Keflavíkur fór yfir stöðu mála.

8. Skyldur deilda gagnvart aðalstjórn Keflavíkur

Það er erfitt er að fá sumar deildir til að skila inn reikningum og fundagerðum til aðalstjórnar. Umræða skapaðist um hvort aðalstjórn ætti að halda eftir t.d. þjálfarastyrkjum eða hvatagreiðslum til deilda þangað til þær væru búnar að skila inn reikningum og eða fundagerðum. Samþykkt að aðalstjórn borgi ekki út þjálfarastyrki og hvatagreiðslur fyrr en reikningar og fundagerðir eru komnar til aðalstjórnar. Skila á inn að lágmarki 3 sinnum yfir árið. Fjármálastjóra falið að senda skipulag á deildir.

9. Fimleikar og Keilir

Búið er að mála salinn og næsta skref er að panta og leggja teppi á gólfið. Vonir standa til að hægt verði að byrja æfingar þarna í vikulok.

10. Æfingagjöld fimleikadeildar Keflavíkur

Leiðindar umræða átti sér stað í fjölmiðlum og á netinu varðandi æfingagjöld fimleikadeildar Keflavíkur. Fimleikadeildin sendi frá sér grein í Víkurfréttir og leiðrétti þessa rangfærslu er kom fram í DV. Málinu telst lokið og sannleikurinn kominn fram. Aðalstjórn Keflavíkur vonast til að héðan í frá afli fólk sér réttar upplýsingar áður en farið er með svona mál í fjölmiðla.

11. Önnur mál

- A Bréf frá BUR knattspyrna.
- B Myndavélar bak við Nettóhöllina
- C Þvottavél og þurrkari á Sunnubrautina.
- D Lán BUR knattspyrna.
- E Rannís, sækja um fræðslustyrk.
- F Fræðsludagur, ákveðið að fresta deginum.

Fundi lokið kl. 18:10

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. september.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.